

ANTIKA EHF 2020

Skálabrekka eystri

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Rúna Knútsdóttir Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1 Staðsetning á skráningarsvæðinu. Google Earth.

Forsíðumynd: Rétt – gerði [2616], mynd tekin með flygildi, Jakob Sindri Þórsson.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-9551-1-1

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Fornleifaskráning	7
Skráningarsvæðið	8
Tilgangur fornleifaskráningar.....	11
Fornleifaskráning og aðferðir	16
Jarðarnúmer	16
Tegund, hlutverk og heiti.....	16
Staðsetning.....	16
Staðhættir og lýsing	17
Hættumat	17
Mótvægisáðgerðir.....	17
Skálabrekka saga jarðarinnar.....	18
Fornleifar á svæðinu.....	20
Fjárbyrgi – rétt [2216] gerði	20
Smalabyrgi [2613] tóft.....	21
Sumarbústaður [2614-2615] húsgrunnar	23
Lendingar [2610-2619-2622-2630-2631] varir	25
Götur [2620-2621-2627-2625-2626] leiðir.....	26
Vörður [2611-2612] vörður	28
Samantekt og niðurstöður.....	28

Heimildir	30
Árnastofnun – Örnefnasafn.....	30

Myndaskrá

Mynd 1 Staðsetning á skráningarsvæðinu. Google Earth.	2
Mynd 2 Deiliskipulagið og skráningarsvæðið er innan gula rammans 41 ha.	8
Mynd 3 Yfirlitsmynd tekin með dróna af svæðinu. Mynd: Oddný Halldórsdóttir.	9
Mynd 4 Mælihus Vatnamælinga Ríkisins sett upp í tengslum við virkjanaframkvæmdir Landsvirkjunar.	10
Mynd 5 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Bláskógabyggð.	11
Mynd 6 Skráningarform í grunninum fyrir Bláskógarbyggð sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.	15
Mynd 7 Kort sem sýnir, fornleifar, önnur mannvirki, leiðir og örnefni.	18
Mynd 8 Yfirlitskort yfir fornleifar á svæðinu; ein varða er fyrir utan svæðið.	19
Mynd 9 Vel varðveitt fjárbyrgi-rétt [2216].	20
Mynd 10 Uppmæling af fjárbyrginu-réttinni og flygildismynd undir.	21
Mynd 11 Horft norðvestur yfir rúst smalabyrgis. Hægra megin virðist vera inngangur.	22
Mynd 12 Uppmælingar af smalabyrginu.	22
Mynd 13 Steypt gólfplata undan sumarbústað.	23
Mynd 14 Efst er vör í Hellunesvík [2610], næst varir við Hellunes, sú vestri breiðari [2619] en sú eystri með tveimur hellum innst á bakkanum [2622].	24
Mynd 15 Gata sem liggur austur að smalabyrgi [2613].	25
Mynd 16 Ekki hafa allar leiðir verið mældar upp eða eltar á loftmynd enda ekki fornleifar nema ef vera skyldu smá slóðar hér og þar sem ekki hafa raskast af yngri vegaslóðum.	26

-
- Mynd 17 Á þessari flygildismynd sést Árfarið, hinn gamli farvegur Öxarár mjög vel.
Línuvegir og slóðar sjást líka ágætlega en þeir eru víða á svæðinu. 27
- Mynd 18 Vörður á svæðinu: Varða [2612] utan við svæðið en varða [2611] er innan svæðis.
..... 28

Inngangur

Að beiðni Steinunnar Halldórsdóttur, fyrir hönd landeigenda Skálabrekku eystri, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags í landi Skálabrekku eystri en fyrirhugað er að koma upp frístundabyggð á svæðinu. Um er að ræða 41 hektara landsvæði sem afmarkast af Þingvallavatni, Skálabrekku miðhluta, Kárastöðum og Skálabrekku vestri. Landsvæðið tilheyrði áður jörðinni Skálabrekku.

Á svæðinu er að finna friðaðar fornleifar, gerði þar sem hefur verið rétt og smalabyrgi, líklega frá fyrri hluta 20. aldar, sem þarf að gæta að við skipulagið. Aðrar minjar sem fundust á svæðinu eru að öllum líkindum yngri.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildakönnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu. Flygildismyndir af svæðinu voru teknar af Oddný Hallórsdóttur nema myndin af gerðinu var tekin af Jakobi Sindra Þórssyni.


Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráning

Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða annaðist fornleifaskráningu vegna deiliskipulags í landi Skálabrekku árið 2014 og Fornleifastofnun Íslands sá síðan um svæðisskráningu fornleifa í Bláskógabyggð árið 2015.¹ Fornleifar hafa hins vegar ekki verið skráðar áður á Skálabrekku eystri sem var hlutuð úr landi Skálabrekku árið 2015 og því var ekki hægt að

¹ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, *Fornleifakönnun vegna deiliskipulags*; Kristjana Vilhjálmsdóttir, *Menningarminjar í Bláskógabyggð*.

styðjast við fyrri skráningar. Minjar á Skálabrekku eystri voru mældar upp samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands.



Mynd 2 Deiliskipulagið og skráningarsvæðið er innan gula rammans 41 ha.

Skráningarsvæðið

Svæðið nær yfir 41 hektara á suðausturhluta jarðarinnar Skálabrekku eystri; það afmarkast af Skálabrekku miðhluta að suðvestan og Skálabrekku eystri að norðvestan, Kárastöðum að austan og Þingvallavatni að suðaustan. Utan við suðurhorn svæðisins er svokölluð

Hellunesvík og Skálabrekkuhólmar út af henni. Austan megin í Hellunesvík er bátavör og lítið mælihus frá 1975 á bakkanum. Austan við víkina er Hellunes. Nokkru austar á nesinu er bátanaust frá 1985 og varir sín hvoru megin við það. Austast er Árfarstangi en um hann liggur Árfarið, hinn gamli farvegur Öxarár. Austan við þennan tanga er Grjótnesvík og austan hennar skagar fram svokölluð Grjótnesvíkurtá, vestust á Grjótnesi sem síðan tekur við. Nokkru austar á Grjótnesi er Murtuklöpp þar sem eru landamerki Skálabrekku eystri og Kárastaða.²



Mynd 3 Yfirlitsmynd tekin með dróna af svæðinu. Mynd: Oddný Halldórsdóttir.

² Ö-Skálabrekka GÓ.




Mynd 4 Mælihus Vatnamælinga Ríkisins sett upp í tengslum við virkjanaframkvæmdir Landsvirkjunar.

Á svæðinu er flatlent mólendi vaxið lágvöxnu birkikjarri, víði, mosa og lyngi en klappir og sprungur austan til. Í norðurhluta svæðisins er gamall umgirtur sumarbústaður og þar eru hleðslur.

Akvegur liggur inn á skipulagssvæðið meðfram suðvesturmörkum þess. Skömmu áður en kemur að vatninu beygir línuvegur út frá þessum vegi og liggur þvert yfir svæðið í norðaustur, gegnum lóð gamla bústaðarins og endar austan við hana rétt utan girðingar. Þvert á línuvegin liggur annar vegarslóði í norðvestur og suðaustur að vatninu. Tveir slóðar liggja líka í austur út frá akveginum, annar nokkuð áður en kemur að línuveginum og liggur hann fram hjá vörðu

[2611], en hinn nokkru á eftir, þ.e. nær vatninu. Leifar af gömlum götum eða stígum liggja einnig fram og aftur um svæðið.



Mynd 5 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Bláskógabyggð.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgrefti eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmunum fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirlönd hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirlönd skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknnum og vettvangsskráningu fornleifa.

Attributes	Text	Relations	Geo Objects	Documents	Events
Attribute	Value				
Id	2616				
Name	Gerði				
Class	Arkeologiska object				
Sérheiti	Nátthagi-Fjárbyrgi				
Bæjarnafn	Skálabrekka				
Jarðatal Johnsen	461				
Flokkun	Búsetuminjar				
Tegund	Hleðsla				
Efni	Grjót				
Lengd	30 meter				
Breidd	26.4 meter				
Hæð	0.50 metrar				
Athugasemdir	Björn Ólafsson (1848-1925)				
Umhverfi	Hraun og mosi				
Adalsvæði	Þingvallavatn				
Svæði	<None>				
Heimildir					
Örnefnaskrá	Ö-Skálabrekka GÓ.				
Aldur	1850-1930				
Skráning	RT-RKT				
Mæling	Uppmæling				
Dagur	10.10.2020				
Horfin	Nei				
Horfin_astæða	<None>				
Hættumat	Mikil hætta				
Hættuorso	Vegna framkvæmda				
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar				
GPS hnit Norður	6413861				
GPS hnit Vestur	2110697				
Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka eystri				
Sveitarf	Bláskógarbyggð				
Friðað	Já				
Gróður	Mosi, gróið og birkihrslur				
Hlutverk	Rétt				

Mynd 6 Skráningarform í grunninum fyrir Bláskógarbyggð sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Skálabrekku.

Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti Ferðamannagötur [2625] þeirra ef við á og hlutverki þeirra, til dæmis „fjárbyrgi – rétt [2216]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Antikva ehf. yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Bláskógabyggð.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis vörður [2611-2612].

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á minjunum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Bláskógarbyggðar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki voru það engar fornleifar sem hafa horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.



Mynd 7 Kort sem sýnir, fornleifar, önnur mannvirki, leiðir og örnefni.


Skálabrekka saga jarðarinnar

Fyrst er greint frá Skálabrekku í *Landnámu*: „Ketilbjörn hét maður ágætur í Naumudal; hann var Ketilsson og Æsu, dóttur Hákonar jarls Grjótgarðssonar; hann átti Helgu, dóttur Þórðar skeggja. Ketilbjörn fór til Íslands, þá er landið var víða byggt með sjá; hann hafði skip það, er Elliði hét; hann kom í Elliðaárós fyrir neðan heiði. Hann var hinn fyrsta vetur með Þórði skeggja, mági sínum. Um vorið fór hann upp um heiði að leita sér landskosta. Þeir höfðu náttból og gerðu sér skála; þar heitir nú Skálabrekka. En er þeir fóru þaðan, komu þeir að á þeirri, er þeir kölluðu Öxará; þeir týndu þar (í) öxi sinni. Þeir áttu dvöl undir fjallsmúla þeim, er þeir nefndu Reyðarmúla; þar lágu þeim eftir áreyðar þær, er þeir tóku í ánni.“³

Samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls var jörðin sjö hundruð að jarðardýrleika um 1700 og var í leigu en eigendur voru tveir. Jörðin var þá talin í landþröng og mætti stórum skaða af

³ *Íslensk fornrit*, 384-385.

hestabeit lestamanna bæði að norðan og austan. Í *Jarðatali* árið 1947 var jörðin hins vegar tólf hundruð.⁴



Mynd 8 Yfirlitskort yfir fornleifar á svæðinu; ein varða er fyrir utan svæðið.

⁴ *Jarðabók*, 372-373; *Jarðatal*, 73.

Fornleifar á svæðinu



Mynd 9 Vel varðveitt fjárbyrgi-rétt [2216].

Fjárbyrgi – rétt [2216] gerði

Í örnefnalýsingu Skálabrekku segir: „Nátthagi eða Fjárbyrgi er hraunbolli, grasi gróinn, hringlaga, 35-40 m í þvermál, um 300 m í norður af Hellunesvík. Björn Ólafsson (1848-1925) hlóð grjótvegg í kringum þennan bolla og byrgði þarna kvíærnar á næturnar, og ber hann nafn sitt af því. Bændur austan úr sveitum, sem ráku fé sitt til slátrunar til Reykjavíkur, fengu iðulega afnot af honum. Þar austur af eru Nátthagaflatir, beggja megin Árfarsins. Þessar flatir eru líka kallaðar Bakkar. Þeir hafa myndast vegna framburðar Árfarsins. Þarna lágu ferðamannagötur, og var kallað að fara austur Bakka.“⁵ Þarna er enn varðveitt stórt sporöskjulaga gerði, sa. 30x26,4 m, hlaðið úr grjóti kringum grösuga dæld. Mesta hleðsluhæð er nú einungis um 0,5 m og breidd um 1 m. Svolíttill inngangur virðist vera suðvestan megin, 1 m á breidd. Gerðið er sunnan við og alveg upp við gamla línuveginn. Þetta hlýtur að vera gerðið sem Björn hlóð. Miðað við að hann lifði til 1925 gæti það verið hlaðið á síðustu áratugum 19. aldar eða í upphafi 20. aldar. Sonur hans, Þorlákur Björnsson, tók síðan við búskap til 1941.

⁵ Ö-Skálabrekka GÓ.



Mynd 10 Uppmæling af fjarbyrginu-réttinni og flygildismynd undir.

Smalabyrgi [2613] tóft

Í örnefnalýsingu segir síðan: „Á hraunbrúninni, rétt fyrir ofan við Nátthagaflatir, er Smalabyrgi, hlaðið úr grjóti, hringlaga, og gengið inn í það frá norðri. Veggirnir rísa hærra að sunnanverðu, móti rigningaráttinni. Inni í byrginu var sæti, hlaðið úr grjóti.“⁶

Á þessum stað er rúst. Vestan megin í henni er greinilegt hólfið með grjóthlöðnum veggjum, sa. 1 fm að innanmáli en 2,7 x 2 m að utanmáli. Hleðslan utan um þetta hólfið er ágætlega varðveitt og nær norðvesturhornið mestri hleðsluhæð, um 1,3 m. Hleðslan er svolítið rúnuð að utan á norðurhliðinni sem snýr frá Þingvallavatni en að öðru leyti er mannvirkið ferhyrnt. Grjót úr veggjunum liggur allt í kring en mest hefur hrúnið úr þeim sunnan og austan megin enda


⁶ Ö-Skálabrekka GÓ.

hefur meira mætt á þeim hliðum sem sneru að vatninu og rigningaráttinni. Norðaustan megin virðist vera annað hólfið eða stétt. Stórir steinar eru inni í litla hólfinu og hefur mátt sitja á þeim. Inngangur í hólfið virðist þó öfugt við það sem segir í örnefnalýsingu vera suðaustan megin.



Mynd 11 Horft norðvestur yfir rúst smalabyrgis. Hægri megin virðist vera inngangur.

Þarna er því ekki fullkomið samræmi við örnefnalýsinguna en staðsetning þessa mannvirkis virðist þó vera svipuð og má því ætla að þetta séu leifar smalabyrgisins. Það er alveg upp við vegarslóða sem kemur þvert á línuveginn þar sem hann endar rétt eftir að hann kemur út um girðingu gamallar sumarbústaðarlóðar austan megin. Smalabyrgið er staðsett fast austan við vegarslóðann þar sem hann liggur norður frá línuveginum, skammt austan við norðurhorn sumarbústaðarlóðarinnar.



Mynd 12 Uppmælingar af smalabyrginu.



Mynd 13 Steypt gólfplata undan sumarbústað.

Sumarbústaður [2614-2615] húsgrunnar

Austan megin við Hellunesvík, skammt sunnan við dæluhús, eru tveir húsgrunnar steyptir á grjóthlöðnum sökklum. Sá minni er um 2,5x3 m að stærð en sá stærri 5x7 m og liggur út frá grónum hrygg í landslaginu með stórgrýti fyrir ofan. Vatnsbakinn er um 8 m neðar.

Húsgrunnarnir eru frá sumarbústöðum, sá eldri var byggður um 1920 en báðir rifnir niður fyrir 1980. Þetta er í suðurhorni framkvæmdasvæðisins, rétt við mörkin.



Mynd 14 Efst er vör í Hellunesvík [2610], næst varir við Hellunes, sú vestri breiðari [2619] en sú eystri með tveimur hellum innst á bakkanum [2622].

Lendingar [2610-2619-2622-2630-2631] varir

Við vatnið eru góðar lendingar og fimm varir hafa greinilega verið ruddar. Sú vestasta [2610] er innst í Hellunesvík, austan megin, en hinar tvær eru sín hvoru megin við bátanaust nokkru austar við Hellunes, síðan eru tvær [2630-2631] vestan á Grjótnesinu. Vörin [2610] var grafin í kringum 1970. Varirnar gætu bæði hafa verið notaðar fyrr og síðar. Í austustu vörinni [2622] eru tvær stórar hellur innst. Ekki eru neinar heimildir um þessar varir en í örnefnaskrá er nefnd vör sem er utan þessa svæðis. Virðist sem þær séu allar frá 20. öldinni.



Mynd 15 Gata sem liggur austur að smalabyrgi [2613].




Mynd 16 Ekki hafa allar leiðir verið mældar upp eða eltar á loftmynd enda ekki fornleifar nema ef vera skyldu smá slóðar hér og þar sem ekki hafa raskast af yngri vegaslóðum.

Götur [2620-2621-2627-2625-2626] leiðir

Götur, stígar, línuvegur og slóðar liggja fram og aftur um svæðið. Frá malarvegi sem liggur inn á svæðið má sjá götu [2620-2621] sem liggur suður að Hellunesvík og síðan áfram í norðaustur meðfram vatninu. Önnur gata [2627] er greinileg norðan megin á svæðinu og liggur hún beint norður fyrir smalabyrgið og þaðan áfram í austur. Í vesturáttina liggur hún fyrir ofan lóð gamla bústaðarins, 1-8 m frá girðingu og sveigir síðan í suður við vesturhorn lóðarinnar. Þar greinist hún í tvennt: Ógreinileg slóð liggur í suðurátt að línuveginum og gerði [2616] en týnist áður en þangað kemur. Þessi gata gæti hafa tengst réttinni og smalabyrginu. Annar greinilegri stígur heldur hins vegar áfram í kringum girðingu sumarbústaðarins og tengist þá ef til vill honum. Milli þessa stígs og hins sem liggur meðfram vatnsbakkanum má sjá leifar af enn einni götu sem liggur austur að Náthagaflötum eða Bökkum. Þarna gætu mögulega verið ferðamannagötur [2625] sem nefndar eru í örnefnalýsingu.⁷ Það voru hins

⁷ Ö-Skálabrekka GÓ.

vegar bændur sem fóru um þær með fé sitt en ekki ferðamenn í nútímaskilningi. Flestar leiðirnar virðast vera frá 20. öldinni en ferðamannagötur ættu að vera eldri, frá seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Nýr slóði myndaðist núna í sumar þegar Rarik var að leggja jarðstreng í sumar á svæðinu. Sá slóði er fast upp við fjárbyrgið-gerðið [2616] og við smalabyrgið [2613].



Mynd 17 Á þessari flygildismynd sést Árfarið, hinn gamli farvegur Öxarár mjög vel. Línuvegir og slóðar sjást líka ágætlega en þeir eru víða á svæðinu. Mynd: Oddný Halldórsdóttir.



Mynd 18 Vörður á svæðinu: Varða [2612] utan við svæðið en varða [2611] er innan svæðis.

Vörður [2611-2612] vörður

Yfirgróin varða [2611] er norðvestan megin á svæðinu, nokkru fyrir innan framkvæmdamörkin. Ekki sést grjóti í henni en þetta er greinilegt vörðustæði. Slóði liggur fyrir neðan hana vestan megin, en þessi slóði er frá því að Rarik lagði jarðstreng á svæðinu sumarið 2020. Frá þessari vörðu sést norðvestur til grjóthlaðinnar vörðu [2612] sem er rétt fyrir utan svæðismörkin. Nokkru fyrir norðan hana liggur gömul gata með stefnu norðaustur – suðvestur.

Samantekt og niðurstöður

Átta fornleifar hafa verið skráðar á svæðinu. Af þeim þarf einkum að gæta að grjóthlöðnu gerði eða fjárbyrgi [2216] suðvestan megin á svæðinu og smalabyrgi [2613] í norðurhlutanum. Þessar minjar gætu verið frá því um aldamótin 1900 og gerðið jafnvel frá síðustu áratugum 19. aldar. Aðrar minjar á svæðinu sennilega yngri. Leifar af götu [2625] sem sjást liggja austur að Náthagaflötum gætu verið svokallaðar ferðamannagötur. Auk þeirra má sjá götu sem liggur suður að Hellunesvík og austur með bakka Þingvallavatns og aðra sem liggur austur fram hjá smalabyrgi en suðvestur í átt að gerðinu. Yfirgróin varða [2611] er rétt

fyrir innan mörk skipulagssvæðisins norðvestan megin og nokkru norðaustar, rétt utan við mörkin, er grjóthlaðin varða [2612]. Við Hellunesvík er manngerð vör og auk hennar tvær varir [2610] við Grjótnes. Við Hellunesvík eru auk þess tveir steinsteyptir grunnar [2614-2615] frá sumarbústöðum sem hafa verið byggðir fyrir tæplega 100 árum en voru rifnir um 1980. Þessi mannvirki meðfram vatnsbakkanum eru tiltölulega ung og rétt á mörkum skipulagssvæðisins. Í norðurhluta þess má svo sjá hleðslur inni á lóð sumarbústaðar, líklega tengdar honum og því ekki mjög gamlar, en lóðin er undanskilin á framkvæmdasvæðinu.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdum er haldið áfram.

Minjastofnun Íslands metur eðli minja og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir megi halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Íslenzk fornrit, I. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla, VII.

Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1921.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Útg. J. Johnsen.


Kaupmannahöfn, 1847.

Kristjana Vilhjálmisdóttir. *Menningarminjar í Bláskógabyggð: Svæðisskráning fornleifa*. FS-584-15221. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2015

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. *Fornleifakönnun vegna deiliskipulags í landi Skálabrekku í Blákógarbyggð*. NV nr. 9-14. Náttúrustofa Vestfjarða, 2014.

Árnastofnun – Örnefnasafn


Ö-Skálabrekka GÓ: *Örnefnalýsing Skálabrekku*. Guðmann Ólafsson skráði. Örnefnastofnun Íslands, 1982.



Yfirlitskort fornleifar

Deiliskipulag Skálabrekka eystri

0 30 60 120 180 240 metrar




Kort
Nr 1

Antikva ehf.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

Skráning: 10.10.2020 Rúna K.Tetzschner

Dagsetning: 28.10.2020



0 0.3 0.6 1.2 1.8 2.4 metrar



Smalabyrgi [2613]

Deiliskipulag Skálabrekka eystri



Kort
Nr 2

Antikva ehf.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

Skráning 10.10.2020: Rúna K.Tetzschner

Dagsetning: 13.10.2020




Fjárbyrgi - rétt [2616]

Deiliskipulag Skálabrekka eystri

0 1.5 3 6 9 12 metrar

Flygildismynd Jakob Sindri Þórsson



Kort
Nr 3

Antikva ehf.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir



Skráning: 10.10.2020, Rúna K. Tetzschner

Dagsetning: 13.10.2020



Yfirlitskort fornleifar, aðrar minjar og mannvirki

Deiliskipulag Skálabrekka eystri



Kort
Nr 4

Antikva ehf.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

Skráning: 10.10.2020 Rúna K.Tetzschner


Dagsetning: 28.10.2020



Yfirlitskort fornleifar, aðrar minjar og mannvirki

Deiliskipulag Skálabrekka eystri

0 30 60 120 180 240 metrar



Kort
Nr 5

Antikva ehf.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir



Skráning: 10.10.2020 Rúna K.Tetzschner

Dagsetning: 28.10.2020



Yfirlitskort yfir leiði, línuvegi og slóða

Deiliskipulag Skálabrekka eystri




Kort
Nr 6

Antikva ehf.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

Skráning: 10.10.2020 Rúna K.Tetzschner

Dagsetning: 28.10.2020



Skálabrekka eystri örnefni



Fjárbyrgi

Smalabyrgi

Nátthagaflatir

Bakkar

Ferðamannagötur

Árfarið

Hellunestá

Hellunesvík

Stóri Hólmur

Hellunes

Grjóthólmur

Miðhólmur

Árfarstangi

Grjótnesvíkurhólmur

Grjótnesvík

Grjótnes

Grjótnesvíkurtá

Hellunesgrunnur

Murtuklöpp

Nr.	2610	Bæjarnafn	Skálabrekka	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	461
Svæði	Þingvallavatn	Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	10.10.2020	Skráning	RT-RKT
Tegund	Rutt svæði	Hlutverk	Vör	Flokkur	Veiðiminjar		
Sérheiti		Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka eystri		
Ástand	Vel greinanlegar minjar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1970	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort			Örnefnaskrá				
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	394377.71	GPS N	6413715				
Isnet N	415812.948	GPS V	2110609	Minjagildi			
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir					



Við vatnið eru góðar lendingar og fimm varir hafa greinilega verið ruddar. Sú vestasta [2610] er innst í Hellunesvík, austan megin, en hinar tvær eru sín hvoru megin við bátanaust nokkru austar við Hellunes. Varirnar gætu bæði hafa verið notaðar fyrr og síðar. Í austustu vörinni [2622] eru tvær stórar hellur innst. Tvær varir eru síðan vestan megin í Grjótnesvíkinni.

Ekki eru neinar heimildir um þessar varir en í örnefnaskrá er nefnd vör sem er utan þessa svæðis. Tvær varir eru til viðbótar í Grjótnesvíkinni.

Vörin var gerð árið 1970.

Nr.	2611	Bæjarnafn	Skálabrekka	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	461
Svæði		Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	10.10.2020	Skráning	RT-RKT
Tegund	Varða	Hlutverk	Kennimark	Flokkur	Kennimark		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka eystri		

Ástand	Fallin varða	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót	Umhverfi	Mosi og hraun				
Lengd	1.2	Breidd	0.8	Hæð	0.20	Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	394258.555	GPS N					
Isnet N	416185.203	GPS V		Minjagildi	Lftið		
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir					



Yfirgróin varða [2611] er norðvestan megin á svæðinu, nokkru fyrir innan framkvæmdamörkin. Ekki sést grjót í henni en þetta er greinilegt vörðustæði. Slóði liggur fyrir neðan hana vestan megin.

Nr.	2612	Bæjarnafn	Skálabrekka	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	461
Svæði		Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	10.10.2020	Skráning	RT-RKT
Tegund	Varða	Hlutverk	Kennimark	Flokkur	Kennimark		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka eystri		

Ástand	Hálf fallinn	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót	Umhverfi	Mosi og hraun				
Lengd	1.7	Breidd	1.4	Hæð	0.50	Hleðslu umferð	4 umferðir
Túnakort		Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	394351.719	GPS N					
Isnet N	416386.819	GPS V		Minjagildi			
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir					



Grjóthlaðinn varða rétt fyrir utan skráningarsvæðið. Varðan er falinn að hluta, hlaðinn úr hraungrýti, er 1,7 m á lengd og 1,4 m á breidd mesta hæð 0,5 m. Hlutverk hennar er ekki alveg ljós gæti tengst leið sem liggur nokkuð norðan við hana.

Nr.	2613	Bæjarnafn	Skálabrekka	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	461
Svæði		Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	10.10.2020	Skráning	RT-RKT
Tegund	Hleðslur	Hlutverk	Byrgi	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Smalabyrgi	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka eystri		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1800-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni		Umhverfi	Mosi og hraun				
Lengd	2.7	Breidd	2	Hæð	1.3	Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá	Ö-Skálabrekka GÓ				
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	394611.042	GPS N	6414057				
Isnet N	416447.58	GPS V	2110345	Minjagildi	Hátt		
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir					



Í örnefnalýsingu segir síðan: „Á hraunbrúninni, rétt fyrir ofan við Nátthagaflatar, er Smalabyrgi, hlaðið úr grjóti, hringlaga, og gengið inn í það frá norðri. Veggirnir rísa hærra að sunnanverðu, móti rigningaráttinni. Inni í byrginu var sæti, hlaðið úr grjóti.“Á þessum stað er rúst. Vestan megin í henni er greinilegt hólfi með grjóthlöðnum veggjum, sa. 1 fm að innanmáli en 2,7 x 2 m að utanmáli. Hleðslan utan um þetta hólfi er ágætlega varðveitt og nær n-v hornið mestri hleðsluhæð, um 1,3 m. Hleðslan er svolítið rúnuð að utan á norðurhliðinni en að öðru leyti er mannvirkið ferhyrnt. Grjót úr veggjunum liggur allt í kring en mest hefur hrunið úr þeim s og a megin enda hefur meira mætt á þeim hliðum sem sneru að vatninu og rigningaráttinni. Norðaustan megin virðist vera annað hólfi eða stétt. Inngangur í hólfið virðist þó öfugt við það sem segir í örnefnalýsingu vera suðaustan megin.

Nr.	2614	Bæjarnafn	Skálabrekka	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	461
Svæði	Pingvallavatn	Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	10.10.2020	Skráning	RT-RKT
Tegund	Húsgrunnur	Hlutverk	Sumarbústaður	Flokkur			
Sérheiti	Sumarbústaður	Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka eystri		

Ástand	Vel greinanlegt	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1900-1980	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Steypt	Umhverfi					
Lengd	7	Breidd	7	Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	394422.942	GPS N	6413696				
Isnet N	415779.936	GPS V	2110551	Minjagildi			
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir					



Austan megin við Hellunesvík, skammt sunnan við dæluhús, eru tveir húsgrunnar steyptir á grjóthlöðnum sökklum. Sá minni er um 2,5x2,5 m að stærð en sá stærri 5x7 m og liggur út frá grónum hrygg í landslaginu með stórgrýti fyrir ofan. Vatnsbakkinn er um 8 m neðar. Húsgrunnarnir eru frá tveimur sumarbústöðum sem var byggður um 1920 en rifin um 1970. Þetta er í suðurhorni framkvæmdasvæðisins, rétt við mörkin.

Nr.	2615	Bæjarnafn	Skálabrekka	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	461
Svæði	Pingvallavatn	Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	10.10.2020	Skráning	RT-RKT
Tegund	Húsgrunnur	Hlutverk	Sumarbústaður	Flokkur			
Sérheiti		Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka eystri		

Ástand	Vel greinanlegt	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1920-1980	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Steypa	Umhverfi					
Lengd	2.5	Breidd	2.5	Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	394413.093	GPS N	6413699				
Isnet N	415784.861	GPS V	2110564	Minjagildi			
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir					



Austan megin við Hellunesvík, skammt sunnan við dæluhús, eru tveir húsgrunnar steiptir á grjóthlöðnum sökklum. Sá minni er um 2,5x2,5 m að stærð en sá stærri 5x7 m og liggur út frá grónum hrygg í landslaginu með stórgrýti fyrir ofan. Vatnsbakkinn er um 8 m neðar. Húsgrunnarnir eru frá tveimur sumarbústöðum sem var byggður um 1920 en rifin um 1970. Þetta er í suðurhorni framkvæmdasvæðisins, rétt við mörkin.

Nr.	2616	Bæjarnafn	Skálabrekka	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	461
Svæði		Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	10.10.2020	Skráning	RT-RKT
Tegund	Hleðsla	Hlutverk	Rétt - fjárbyrgi	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Fjárbyrgi - Náttthagi	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka eystri		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1850-1920	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót hraun	Umhverfi	Mosi, gras og hraun				
Lengd	30	Breidd	26	Hæð	0.50	Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá	Ö-Skálabrekka GÓ. Björn Ólafsson (1848-1925) hlóð byrgið				
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	394313.408	GPS N	6413861				
Isnet N	416096.777	GPS V	2110697	Minjagildi	Hátt		
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir					



Í örnefnalýsingu segir: „Náttthagi eða Fjárbyrgi er hraunbolli, grasi gróinn, hringlaga, 35-40 m í þvermál, um 300 m í norður af Hellunesvík. Björn Ólafsson hlóð grjótvegg í kringum þennan bolla og byrgði þarna kvíærnar á næturnar, og ber hann nafn sitt af því. Bændur austan úr sveitum, sem ráku fé sitt til slátrunar til Reykjavíkur, fengu iðulega afnot af honum. Þar austur af eru Náttthagaflatir, beggja megin Árfarsins. Þessar flatir eru líka kallaðar Bakkar. Þeir hafa myndast vegna framburðar Árfarsins. Þarna lágu ferðamannagötur, og var kallað að fara austur Bakka. Þarna er enn varðveitt stórt sporöskjulaga gerði, sa. 30x26,4 m, hlaðið úr grjóti kringum grösuga dæld. Mesta hleðsluhæð er nú einungis um 0,5 m og breidd um 1 m. Svólíttill inngangur virðist vera sv megin, 1 m á breidd. Gerðið er s.við og alveg upp við gamla línuveginn. Þetta hlýtur að vera gerðið sem Björn hlóð. Miðað við að hann lifði til 1925 gæti það verið hlaðið á síðustu áratugum 19. aldar eða í upphafi 20.

Nr.	2619	Bæjarnafn	Skálabrekka	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	461
Svæði	Pingvallavatn	Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	10.10.2020	Skráning	RT-RKT
Tegund	Rutt svæði	Hlutverk	Vör	Flokkur	Veiðiminjar		
Sérheiti		Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka eystri		
Ástand	Vel greinanlegar minjar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort			Örnefnaskrá				
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	394597.445	GPS N	6413729				
Isnet N	415835.268	GPS V	2110336	Minjagildi			
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir					



Við vatnið eru góðar lendingar og fimm varir hafa greinilega verið ruddar. Sú vestasta [2610] er innst í Hellunesvík, austan megin, en hinar tvær eru sín hvoru megin við bátanaust nokkru austar við Hellunes. Varirnar gætu bæði hafa verið notaðar fyrr og síðar. Í austustu vörinni [2622] eru tvær stórar hellur innst. Tvær varir eru síðan vestan megin í Grjótnesvíkinni.

Ekki eru neinar heimildir um þessar varir en í örnefnaskrá er nefnd vör sem er utan þessa svæðis. Tvær varir eru til viðbótar í Grjótnesvíkinni.

Nr.	2622	Bæjarnafn	Skálabrekka	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	461
Svæði	Pingvallavatn	Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	10.10.2020	Skráning	RT-RKT
Tegund	Rutt svæði	Hlutverk	Vör	Flokkur	Veiðiminjar		
Sérheiti		Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka eystri		

Ástand	Vel greinanlegar minjar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur		Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni			Umhverfi	Við og í Þinvallavatni			
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort			Örnefnaskrá				
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	394662.078	GPS N	6413788				
Isnet N	415940.889	GPS V	2110260	Minjagildi			
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir					



Við vatnið eru góðar lendingar og fimm varir hafa greinilega verið ruddar. Sú vestasta [2610] er innst í Hellunesvík, austan megin, en hinar tvær eru sín hvoru megin við bátanaust nokkru austar við Hellunes. Varirnar gætu bæði hafa verið notaðar fyrr og síðar. Í austustu vörinni [2622] eru tvær stórar hellur innst. Tvær varir eru síðan vestan megin í Grjótnesvíkinni.

Ekki eru neinar heimildir um þessar varir en í örnefnaskrá er nefnd vör sem er utan þessa svæðis. Tvær varir eru til viðbótar í Grjótnesvíkinni.

Nr.	2625	Bæjarnafn	Skálabrekka	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	461
Svæði		Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	10.10.2020	Skráning	RT-RKT
Tegund	Gata	Hlutverk	Leið	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti	Ferðamannagötur	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1800-1930	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort			Örnefnaskrá				
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E		GPS N					
Isnet N		GPS V		Minjagildi			
Ljósmyndari	Loftmynd	Mótvægisaðgerðir	Búið er að mæla leiðina upp.				



Ferðamannagötur, líklegast eru þetta leiðin sem talað er um í örnefnaskrá. Hún var ekki notuð fyrir ferðmenn heldur fyrir bændur sem ráku fé sitt suður í slátrun.

Nr.	2630	Bæjarnafn	Skálabrekka	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	461
Svæði	Þingvallavatn	Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	10.10.2020	Skráning	RT-RKT
Tegund	Rutt svæði	Hlutverk	Vör	Flokkur	Veiðiminjar		
Sérheiti		Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka		

Ástand	Vel greinanlegar minjar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur		Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort			Örnefnaskrá				
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	416109.439	GPS N	6413883				
Isnet N	394941.173	GPS V	2109925	Minjagildi			
Ljósmyndari	OH	Mótvægisaðgerðir					



Tvær varir [2630-2631] eru vestan við Grjótnesið í Grjótnesvíkinni. Þær voru notaðar á 20. öldinni.Varirnar sjást vel á þessar mynd.

Flygildismynd tekin af Oddnýju Halldórsdóttur.

Nr.	2631	Bæjarnafn	Skálabrekka	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	461
Svæði	Þingvallavatn	Sveitafélag	Bláskógarbyggð	Dagur.	10.10.2020	Skráning	RT-RKT
Tegund	Rutt svæði	Hlutverk	Vör	Flokkur	Veiðiminjar		
Sérheiti		Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Skálabrekka		

Ástand	Vel greinanlegar minjar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur		Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort			Örnefnaskrá				
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	416088.111	GPS N	6413872				
Isnet N	394939.198	GPS V	2109928	Minjagildi			
Ljósmyndari	O.H.	Mótvægisáðgerðir					



Tvær varir [2630-2631] eru vestan við Grjótnesið í Grjótnesvíkinni. Þær voru notaðar á 20. öldinni.Varirnar sjást vel á þessar mynd.

Flygildismynd tekin af Oddnýju Halldórsdóttur.